



Borgarráð

Reykjavík, 19. febrúar 2026

MSS26020077

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um fjölgun og eflingu ungmennahúsa í borginni

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Lagt er til að borgin fjölgi ungmennahúsum þannig að þau verði að lágmarki tvö og staðsett í sitt hvorum borgarhluta. Annað þeirra verði staðsett í miðborginni með skýra áherslu á menningu, listir og skapandi starf fyrir ungt fólk. Hitt ungmennahúsið verði áfram staðsett á núverandi stað. Jafnframt er lagt til að menningar- og íþróttasviði, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, verði falið að finna hentugt húsnæði í miðborginni fyrir starfsemina. Markmið tillögunnar er að skapa aukin tækifæri fyrir ungt fólk til þátttöku í menningu og listum, efla félagslega þátttöku og bregðast markvisst við þeim vanda sem felst í auknu atvinnuleysi og vaxandi hópi ungs fólks sem er ekki í námi, starfi eða annarri virkni. Einnig er lagt til að starfsemi ungmennahúsanna nái til aldurshópsins 16-30 ára í samræmi við evrópsk viðmið um skilgreiningu á ungmennastarfi.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn vill fjölga ungmennahúsum borgarinnar þannig að þau verði tvö, eitt í austurhluta borgarinnar og annað í vesturhluta borgarinnar, með það að markmiði að auka aðgengi ungs fólks að ungmennahúsi. Það hús sem lagt er til að staðsett verði í miðborginni er samkvæmt tillögunni ætlað að vera með áherslu á skapandi greinar til að styðja betur við menningarstarf Hins hússins. Jafnframt er lagt til að viðmiðunardurinn verði rýmkaður þannig að Hitt húsið þjónustu 16-30 ára í samræmi við Evrópuviðmið um ungmennastarf. Þá gerir tillagan ráð fyrir því að starf Hins hússins verði eflt með það að markmiði að grípa ungt fólk í vanvirkni betur en atvinnuleysi ungs fólks hefur aukist og fjölgun hefur átt sér stað í NEET hópnum (ungt fólk sem ekki er í virkni, vinnu eða námi). Umræðan í borgarstjórn ber ekki með sér mikinn áhuga meirihlutans á að fjölga ungmennahúsum í borginni en Framsókn vonar að tillagan fái góðan framgang í borgarráði.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Borgin þarf að leita allra leiða til að efla unga fólkið okkar á gerbreyttum tímum. Með ungmennahúsi er átt við börn á aldrinum 16 til 18 ára. Frábært væri ef þessi tillaga yrði rýnd vel og myndi fulltrúi Viðreisnar vilja sjá starfið mun útbreiddara en lagt er til. Sem og að efla þjónustu fyrir 10 til 12 ára, en þarna eru tvö göt í þjónustu borgarinnar sem þarf að mati fulltrúa Viðreisnar að fylla í fljótt og örugglega. Bæði aldursbilin eru miklir mótunartímar í lífi ungs fólks.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins



Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um fjölgun og eflingu ungmennahúsa í borginni

Lagt er til að borgin fjölgi ungmennahúsum þannig að þau verði að lágmarki tvö og staðsett í sitthvorum borgarhluta. Annað þeirra verði staðsett í miðborginni með skýra áherslu á menningu, listir og skapandi starf fyrir ungt fólk. Hitt ungmennahúsið verði áfram staðsett á núverandi stað. Jafnframt er lagt til að menningar- og íþróttasviði, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, verði falið að finna hentugt húsnæði í miðborginni fyrir starfsemina. Markmið tillögunnar er að skapa aukin tækifæri fyrir ungt fólk til þátttöku í menningu og listum, efla félagslega þátttöku og bregðast markvisst við þeim vanda sem felst í auknu atvinnuleysi og vaxandi hópi ungs fólks sem er ekki í námi, starfi eða annarri virkni. Einnig er lagt til að starfsemi ungmennahúsanna nái til aldurshópsins 16–30 ára í samræmi við evrópsk viðmið um skilgreiningu á ungmennastarfi.

Greinargerð

Sá hópur ungs fólks sem er hvorki í vinnu, námi né annarri virkni hefur farið stækkandi á Íslandi. Ungmennahús með skýra faglega og félagslega umgjörð geta orðið lykilverkfæri í að ná til þessa hóps (svonefnds NEET-hóps) og draga úr félagslegri einangrun, vanlíðan og langvarandi atvinnuleysi. Tillaga til að mæta stöðu þessa hóps hefur verið lögð fram af borgarfulltrúum Framsóknar en henni var vísað til borgarstjóra og óvissa er um framvindu hennar.

Ungmennahús í miðborginni með áherslu á menningu og listir myndi skapa aðstöðu fyrir tónlist, myndlist, sviðslistir, hönnun, stafræna miðlun og aðrar skapandi greinar. Þar gætu verkefni á borð við Götuleikhúsið, Músíktílaunir, Unglist og önnur menningarstarfsemi ungs fólks átt sér heimili.

Slíkur vettvangur getur eflt sköpun, sjálfsmynd og félagsfærni ungs fólks, aukið aðgengi að menningu fyrir fjölbreyttan hóp og myndað brú yfir í nám, starfsþjálfun og störf í skapandi greinum. Aðgengi að skapandi störfum getur jafnframt verið sérstaklega mikilvægt fyrir ungt fólk sem hefur ekki fundið sig í hefðbundnu námi eða starfi og þannig stuðlað að virkni og aukinni þátttöku í samfélaginu.

Með tveimur ungmennahúsum í sitthvorum borgarhluta verður aðgengi að starfi Hins hússins bætt til muna. Mikilvægt er að húsin verði opin og aðgengileg öllum ungmenum, óháð bakgrunni eða stöðu.

Fjölgun ungmennahúsa styður við markmið borgarinnar um forvarnir og velferð.

Mikilvægt er að ungmennahúsin starfi í nánú samstarfi við grunn- og framhaldsskóla, frístundastarf borgarinnar, félagasamtök, Vinnumálastofnun, félagsþjónustu og menningarstofnanir. Þörf er á heildstæðri nálgun til að skapa samfellu í þjónustu við ungt fólk og styðja betur við skapandi greinar, virkni, menntun og atvinnuþátttöku.